

## Reglugjörð

64  
30. júní

fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu um lækningu hunda af bandormum o. fl.

### 1. gr.

Hreppstjóri í hverjum hreppi sýslunnar skal annast um, að hundar verði árlega læknaðir af bandormum. Útnefnir hreppstjóri einn eða fleiri lækningamenn í hverjum hreppi; getur enginn sem er öðrum óháður skorazt undan þeim starfa í 6 ár í senn. Ef fleiri eru lækningamenn en einn í sama hreppi, skal hreppstjóri skipta hreppnum milli þeirra.

### 2. gr.

Lækna skal alla hunda í sýslunni, sem eru missirisgamlir eða eldri. Fer lækningin fram einu sinni á ári í nóvembermánuði á heimili lækningamanns, eða annarstaðar í hreppnum, þar sem hann ákveður. Lækningamaður tilkynnir hlutadeigendum með viku fyrirvara, hvenær og hvar lækningin fer fram. Skyld er eigendum hundanna að láta flytja þá á lækningastaðinn og veita þeim liðsinni til að koma þeim inn í lækningahýsið, en ekki er hann skyldur til að vera við lækninguna nema fyrir borgun frá lækningamanni sjálfum.

Nú gengur hundafár í einhverjum hreppi þegar lækning á fram að fara, og má þá fresta lækningunni unz fárið er afstaðið, ef lækningamaður og hreppstjóri koma sjer saman um það.

### 3. gr.

Hverjum hundi skal gefa inn 5 grömm af »areka«- eða »kamala«-dupti, og skal lækningunni hagað þannig: Í 12 klukkutíma skal hafa hundinn inni og má hann alls engan mat eða drykk fá á meðan. Síðan skal gefa hundinum inn 5 grömm af duptinu, hrærðu úti graut, slátri eða mjólk. Vanalega fær hundurinn klýju á eptir, en það verður að reyna að koma í veg fyrir, að hann selji upp fyrsta hálfu klukkutímamann á eptir, með því að hafa af fyrir honum, vekja hug hans á einhverju, láta vel að honum, eða, ef það ekki dugar, að gjöra hann sneyptan. Eptir  $\frac{1}{2}$  til 5 klukkutíma gengur ormurinn niður af hundinum. Meðan meðalið er að verka, ætti hundurinn að vera í einhverju útihúsi, sem hvorki sje fjárhús nje heyhlada. Það er gengur niður af hundinum, á að breinsa vandlega upp, brenna síðan eða grafa í jörðu niður, tveggja álna djúpt að minnsta kosti. Ef meðalið ekki innan 12 tíma hefir verkað, skal gefa hundinum inn aptur.

Áður en hundunum er sleppt, skulu þeir baðaðir.

### 4. gr.

Verði vart við bandorma í hundum milli lækninga, skulu þeir færðir lækningamanni, og er hann skyldur að lækna þá tafarlaust.

### 5. gr.

Lækningamenn skulu hafa bók, löggilta af sýslumanni. Skulu þeir á

ári hverju rita í hana skrá yfir hunda-eigendur í hreppnum, og hunda þá, er þeir hafa haft til lækninga frá hverjum einum. Ómerktir flækingshundar og hundar, sem skotið hefir verið undan lækningu, skulu rjettdræpir. **64** 30. júní

Fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert skal lækningamanni skylt að senda hreppstjóra, en hann aptur oddvita sýslunefndarinnar fyrir árslok skýrslu um lækninguna, er tilgreinir hvenær og hvar lækningin hafi farið fram, hve margir hundar hafi læknaðir verið og frá hvaða bæjum, svo og hvort bandormar hafi komið niður af hundunum.

#### 6. gr.

Lækningamaður annast útvegum meðala, og sjer um að ávallt sjeu nægar birgðir af þeim. Fyrir hverja einstaka lækningu á hundi skal greiða lækningamanni 50 aura, sem ásamt öðrum kostnaði við hundalækningarnar greiðist úr sýslusjóði, eptir reikningi, er sýslunefndin úrskurðar.

#### 7. gr.

Lækningamenn skulu hafa gætur á því, að fyrirmælum í 5. gr. í lögum nr. 18, 22. maí 1890 sje stranglega fylgt. Sömuleiðis skulu þeir áminna menn um, að umgangast hunda mjög varlega og láta þá ekki ná í matar- eða vatnsílát o. s. frv.

Hundum skal aldrei leyft að dvelja í búri, nje í íveruherbergjum manna, og sjerstaklega skal þess gætt, að börn ekki leiki sjer við þá. Skal á hverju heimili vera sjerstakt skýli eða afvikinn staður, er hundar sjeu hafðir í á nóttum.

#### 8. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða 2—10 króna sekt, er renni í sýslusjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal fara með sem opinber lögglumál.

#### 9. gr.

Reglugjörð fyrir Kjósar- og Gullbringusýslu um lækning á hundum 17. maí 1897 er hjer með úr gildi numin.

\* \* \*  
Framanrituð reglugjörð var samþykkt af sýslunefnd Gullbringu- og Kjósarsýslu á aðalfundi hennar 23. apríl 1901.

Skrifstofu Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. júní 1901.

*Páll Einarsson.*

## Samþykkt

um kynbætur hesta fyrir Árnæssýslu.

Sýslunefndin í Árnæssýslu hefir samkvæmt lögum 11. desbr. 1891, um kynbætur hesta, gjört eptirfylgjandi samþykkt um kynbætur hesta í Árnæssýslu.